

Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar

Ársreikningur
2015

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	2-3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2015	5
Efnahagsreikningur 31. desember 2015	6
Sjóðstreymi ársins 2015	7
Skýringar	8-13
Kennitölur	14

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Starfsemi sjóðsins á árinu

Starfsemi sjóðsins var með hefðbundnum hætti á árinu 2015. Rekstrarkostnaður nam 15,4 m.kr. en 11,6 m.kr. á árinu 2014. Samsvarar kostnaðurinn um 0,4% af hreinni eign í árslok. Fjárfestingagjöld námu um 12,3 m.kr. en 11,0 m.kr. árið á undan.

Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum, en Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga hefur frá 1. apríl 2010 annast daglegan rekstur sjóðsins.

Iðgjöld

Iðgjöld sjóðfélaga að meðtöldu mótframlagi launagreiðenda námu 62,4 m.kr. árið 2015 samanborið við 62,8 m.kr. árið áður. Hlutdeild launagreiðenda í greiddum lífeyri var 191,3 m.kr. samanborið við 176,3 m.kr. árið áður. Framlag ríkis til jöfnunar örorku nam á árinu 1,2 m.kr. en 1,4 m.kr. á árinu á undan. Heildariðgjöld til sjóðsins á árinu 2015 námu þannig 254,9 m.kr. en voru á árinu á undan 240,6 m.kr. sem er 6,0% hækkun á milli ára.

Lífeyrir

Heildargreiðslur lífeyris á árinu 2015 námu 335,6 m.kr. en voru 304,0 m.kr. á árinu 2014, sem er 10,4% hækkun milli ára. Um síðustu áramót greiddi sjóðurinn 299 einstaklingum lífeyri samanborið við 290 árið áður. Skipting lífeyrisgreiðsla er þannig að 221 einstaklingar fengu greiddan ellilífeyri í árslok samanborið við 208 árið á undan, 47 fengu greiddan makalífeyri samanborið við 48 árið á undan og 31 fengu greiddan örorkulífeyri samanborið við 34 árið á undan. Engin umsókn hefur borist um greiðslu barnalífeyris síðustu fimm ár.

Fjárfestingar

Í árslok námu fjárfestingaeignir sjóðsins 4.076,7 m.kr. samanborið við 3.880,8 m.kr. í ársbyrjun. Á árinu voru keypt verðbréf fyrir samtals 1.485,3 m.kr. samanborið við 295,3 m.kr. árið áður. Keypt voru verðbréf með föstum tekjum fyrir 284,2 m.kr., verðbréf með breytilegum tekum fyrir 915,3 m.kr. og veðlán fyrir 285,7 m.kr. Sala verðbréfa nam 1.276,8 m.kr. á árinu 2015 samanborið við 119,7 m.kr. árið áður.

Tryggingafræðileg athugun

Tryggingafræðileg athugun á fjárhagsstöðu sjóðsins í árslok 2015 var framkvæmd af Vigfúsi Ásgeirssyni tryggingastærðfræðingi hjá Talnakönnun hf. Samkvæmt þeirri úttekt námu heildarskuldbindingar sjóðsins í árslok 2015 samtals 11.275 m.kr. Á móti þessum skuldbindingum voru heildareignir í tryggingafræðilegu tilliti til greiðslu lífeyris 11.328 m.kr. að meðtöldum núvirtum framtíðargreiðslum ábyrgðaraðila á greiddan lífeyri. Hlutfall heildarskuldbindinga umfram heildareignir var því 0,5%.

Þar sem lífeyrissjóðurinn er með bakábyrgð sveitarfélaga er hann undanþeginn ákvæði laga 129/1997 um tryggingafræðilegt jafnvægi. Sjá nánar í skýringu nr. 32.

Hrein eign til greiðslu lífeyris og ávöxtun

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 4.176,7 m.kr. í árslok, samanborið við 3.917,1 m.kr. í ársbyrjun sem svarar til 6,6% hækkunar. Nafnávöxtun á árinu 2015 var jákvæð um 8,0% sem samsvarar 5,9% hreinni raunávöxtun. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu fimm ára var jákvæð um 4,6%.

Vísitala neysluverðs hækkaði úr 421,0 í 429,4 eða um 2% á árinu 2015.

Atburðir eftir uppgjörsgdag

Það hafa engir atburðir orðið eftir uppgjörsgdag sem hafa verulega þýðingu fyrir ársreikninginn.

Framtíðarhorfur sjóðsins

Lífeyrissjóðurinn hefur verið starfandi frá árinu 1958 og þeir einir mátt greiða í hann sem starfað hafa hjá Kópavogsbæ eða stofnunum hans. Sjóðnum var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum 1. júlí 1998 og þeir einir sem greiddu iðgjöld til sjóðsins í júní 1998 fengu áfram aðild að sjóðnum.

Samþykktir sjóðsins gera ekki ráð fyrir að iðgjöld til hans og ávöxtun þeirra dugi fyrir lífeyrisgreiðslum. Samkvæmt 23. grein samþykta sjóðsins skulu því bæjarsjóður og aðrir launagreiðendur greiða tiltekinn hundraðshluta lífeyris samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar að fenginni umsögn sjóðstjórnar og tryggingastærðfræðings. Það hlutfall var 57% á árinu 2015 og stendur lífeyrissjóðurinn þannig undir 43% af greiddum lífeyri. Miðað við þetta hlutfall til framtíðar verða heildar eignir sjóðsins í jafnvægi við heildar skuldbindingar.

Kópavogsbær greiðir allan rekstrarkostnað sjóðsins og framlag til starfsendurhæfingarsjóðs. Á árinu 2015 námu greiðslur 28,5 m.kr.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Staðfesting stjórnar

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2015, efnahag hans 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015 í samræmi við lög um ársreikninga.


Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. apríl 2016

Í stjórn




Gunnlaugur J. Jónsson
Stjórnarformaður




Ása Richardsdóttir
Stjórnarmaður




Kristinn Sverrisson
Stjórnarmaður



Heiða Björk Rúnar Jóttir
Stjórnarmaður



Ragnar Snorri Magnússon
Stjórnarmaður



Gerður Guðjónsdóttir
Framkvæmdastjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar og kennitölur.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 55/2000. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.


Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2015, efnahag hans 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 55/2000 og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Reykjavík, 27. apríl 2016

PricewaterhouseCoopers ehf.



Vignir Rafn Gíslason
löggiltur endurskoðandi

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2015

	Skýr.	2015	2014
Iðgjöld	6		
Iðgjöld sjóðfélaga		20.807.713	20.945.337
Iðgjöld launagreiðenda		41.615.391	41.890.026
Sérstök aukaframlög	18	192.492.060	177.732.872
		<u>254.915.164</u>	<u>240.568.235</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	19	(335.642.761)	(304.013.563)
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		(22.805)	0
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs		(767.961)	(680.955)
		<u>(336.433.527)</u>	<u>(304.694.518)</u>
Fjárfestingartekjur	7-8		
Tekjur af eignarhlutum	20	42.680.726	248.028
Vaxtatekjur og gengismunur	21	297.216.608	222.335.790
Breyting á niðurfærslu	24-25	429.645	127.485
		<u>340.326.979</u>	<u>222.711.303</u>
Fjárfestingargjöld	9		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(10.292.561)	(9.058.207)
Önnur fjárfestingargjöld	29	(1.973.096)	(1.945.387)
		<u>(12.265.657)</u>	<u>(11.003.594)</u>
Rekstrarkostnaður	9		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(15.438.842)	(11.641.924)
		<u>(15.438.842)</u>	<u>(11.641.924)</u>
Aðrar tekjur		<u>28.495.265</u>	<u>23.326.473</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu		259.599.382	159.265.975
Hrein eign frá fyrra ári		<u>3.917.093.874</u>	<u>3.757.827.899</u>
Hrein eign í lok ársins til greiðslu lífeyris		<u>4.176.693.256</u>	<u>3.917.093.874</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

	Skýr.	31.12.2015	31.12.2014
Fjárfestingar	11-14		
Verðbréf með breytilegum tekjum	22	917.462.849	1.120.689.657
Verðbréf með föstum tekjum	23	2.758.707.468	2.710.448.938
Veðlán	25	360.883.066	45.819.972
Bankainnistæður		39.621.491	3.839.742
	27	<u>4.076.674.874</u>	<u>3.880.798.309</u>
Kröfur	16		
Kröfur á launagreiðendur	28	7.917.355	5.841.280
Aðrar kröfur	28	76.429.761	30.192.057
		<u>84.347.116</u>	<u>36.033.337</u>
Aðrar eignir			
Sjóður og veltinnlán		25.581.543	8.326.735
	Eignir samtals	<u>4.186.603.533</u>	<u>3.925.158.381</u>
Aðrar skuldir			
Ýmsar skuldir		9.910.277	8.064.507
	Skuldir samtals	<u>9.910.277</u>	<u>8.064.507</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>4.176.693.256</u>	<u>3.917.093.874</u>
Laun stjórnar, endurskoðunarnefndar og framkvæmdastjóra	30		
Þóknun til endurskoðenda og tryggingastærðfræðings	31		
Tryggingafræðileg athugun	32		

Sjóðstreymi ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
Inngreiðslur			
Iðgjöld		252.839.089	218.636.204
Fjárfestingartekjur.....		148.637.332	133.063.243
Aðrar tekjur.....		28.495.265	23.326.473
Afborganir verðbréfa.....		280.486.942	55.960.643
Seld verðbréf með breytilegum tekjum.....		1.276.801.229	119.667.276
Aðrar inngreiðslur.....		0	5.991.624
		<u>1.987.259.857</u>	<u>556.645.463</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir.....		(336.433.527)	(304.694.518)
Fjárfestingargjöld.....		(12.265.657)	(9.058.207)
Rekstrarkostnaður		(15.438.842)	(13.587.311)
Aðrar útgreiðslur.....		(44.391.934)	0
		<u>(408.529.960)</u>	<u>(327.340.036)</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu.....		<u>1.578.729.897</u>	<u>229.305.427</u>
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting			
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum		(915.330.480)	(86.909.615)
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum		(284.202.644)	(208.435.607)
Kaup á veðlánum		(285.719.737)	0
Ný veðlán		(40.440.479)	0
(Hækkun) lækkun á bankainnistæðum		(35.781.749)	55.505.122
		<u>(1.561.475.089)</u>	<u>(239.840.100)</u>
Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánum		17.254.808	(10.534.673)
Sjóður og veltiinnlán í upphafi ársins		<u>8.326.735</u>	<u>18.861.408</u>
Sjóður og veltiinnlán í lok ársins		<u>25.581.543</u>	<u>8.326.735</u>

Skýringar

Starfsemi

1. Almenn

Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar (LSK eða sjóðurinn) var stofnaður árið 1958. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og hefur starfsleyfi frá 8. desember 1998.

Starfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingasjóðs (nr. 140). Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 27. apríl 2016.

2. Sjóðfélagar

Sjóðurinn var ætlaður þeim sem greiddu iðgjöld vegna starfa hjá Kópavogsbæ, stofnunum bæjarins eða stofnunum eða félögum skrásettum í Kópavogi sem bæjarfélagið átti aðild að og voru iðgjaldaskyldir til sjóðsins. Í júlí 1998 var sjóðnum lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Þeim einum sem greiddu til sjóðsins í júní 1998 er heimilt að greiða áfram til hans, enda hafi iðgjald verið greitt til sjóðsins óslitið frá þeim tíma.

Iðgjald er 12%, þ.e. 4% frá sjóðfélaga og 8% frá launagreiðanda. Hafi sjóðfélagi greitt til sjóðsins í 32 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður og launagreiðandi greiðir 12%. Lífeyrir er ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri hafi sjóðfélagi greitt í a.m.k. 5 réttindaár, örorkulífeyrir, ævilangur makalífeyrir og barnalífeyrir. Sé sjóðfélagi orðinn 60 ára getur hann látið af störfum ef samanlagður aldur hans og starfsaldur eru 95 ár.

Kópavogsbær ábyrgist skuldbindingar sjóðsins, en auk iðgjaldagreiðslna skulu bæjarsjóður og viðkomandi stofnanir endurgreiða tiltekið hlutfall af útgjöldum til lífeyrisgreiðslna. Hlutfallið er ákveðið af bæjarstjórn að fenginni umsögn tryggingafræðings og sjóðsstjórnar. Endurgreiðsluhlutfall var 57% árið 2015.

3. Rekstur

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga hefur annast daglegan rekstur sjóðsins frá 1. apríl 2010.

Reikningsskilaaðferðir

4. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og er í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða og lög um ársreikninga. Hann er byggður á kostnaðarverðisreikningsskilum að öðru leyti en því að skráð hlutabréf og hlutdeildarskírteini eru færð á markaðsverði. Fjárhæðir ársreiknings eru í íslenskum krónum.

Nýjar reglur nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða tóku gildi 11. mars 2015. Reglurnar eiga að koma til framkvæmda við gerð ársreikninga fyrir árið 2015. Í 52. gr. a) liðar er lífeyrissjóðum heimilað að setja ársreikninga vegna reikningsskilaársins 2015 fram í samræmi við reglur nr. 55/2000. Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar nýtir sér þá heimild.

5. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur að meta ýmsa liði ársreikningsins. Matsaðferðirnar byggja á settum reikningsskilareglum. Endanleg niðurstaða ýmsa liða sem metnir voru getur orðið önnur en niðurstaða mats stjórnenda.

6. Iðgjöld

Iðgjöld eru tekjufærð eftir skilagreinum sem hafa borist sjóðnum, óháð því hvort þau eru greidd eða ekki. Ógreidd iðgjöld í árslok eru færð til eignar sem kröfur á launagreiðendur. Sérstök aukafamlög eru vegna hlutdeildar launagreiðenda í greiddum lífeyri sem nam 57% á árinu 2015.

7. Tekjur af eignarhlutum

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, jafnt vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi erlendra gjaldmiðla.

8. Vaxtatekjur og gengismunur

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánum, bundnum bankainnstæðum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og innlánum. Einnig fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á verði innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

9. Fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaði er skipt á milli fjárfestingargjalda og rekstrarkostnaðar eftir því hvort um er að ræða áætlaðan kostnað við fjárfestingar eða annan rekstur sjóðsins.

Önnur fjárfestingargjöld samanstanda af beinum kostnaði við fjárfestingar sjóðsins.

10. Varanlegir rekstrarfjármunir

Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar átti enga varanlega rekstrarfjármuni í árslok 2015 eða 2014.

Skýringar

11. Verðbréf með breytilegum tekjum

Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Verðbréf með breytilegum tekjum skiptast í innlend og erlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini. Erend verðbréf sjóðsins sem skráð eru á verðbréfamörkuðum eru eignfærð á markaðsverði miðað við síðasta skráða gengi þeirra í lok ársins. Verðbréfin eru umreiknuð í íslenskar krónur á skráðu kaupgengi í lok árs. Innlend hlutabréf sjóðsins sem skráð eru í Kauphöll Íslands eru eignfærð á markaðsverði í lok árs en óskráð hlutabréf á kostnaðarverði eða áætluðu gangvirði ef það er lægra.

12. Verðbréf með föstum tekjum

Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða tilteknu vaxtaviðmiði. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar með áföllnum verðbótum og vöxtum miðað við vaxtakjör verðbréfanna að teknu tilliti til ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi. Áföllin eða gengisaukinn sem myndast við kaup verðbréfanna eru færð í ársreikninginn á afborgunartíma þeirra miðað við virka vexti. Eignir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu kaupgengi í lok árs. Verðtryggðar eignir eru eignfærðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2016. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstóligna eru færðar í rekstrarreikningi.

Verðbréf með föstum tekjum eru færð niður í efnahagsreikningi vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Við niðurfærsluna hefur verið tekið tillit til áhættu vegna afskrifta ásamt almennri niðurfærslu.

13. Veðlán

Veðlán samanstanda af skuldabréfum með veði í fasteignum. Þau eru færð til eignar með sama hætti og önnur verðbréf með föstum tekjum.

14. Afleiðusamningar

Sjóðurinn er ekki með neina framvirka-, skipta-, afleiðu- eða gjaldmiðlasamninga í árslok 2015.

15. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við skráð kaupgengi Seðlabanka Íslands í árslok. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna.

	Mynt	Kaupgengi í árslok	
		31.12.2015	31.12.2014
Evra.....	EUR	140,93	153,84
Dönsk króna.....	DKK	18,88	20,66
Bandaríkjadóllar.....	USD	129,28	126,60
Japanskt jen.....	JPY	1,07	1,06
Sterlingspund.....	GBP	191,59	197,18

16. Kröfur

Kröfur á launagreiðendur og aðrar kröfur eru færðar á nafnverði.

17. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

Sundurliðanir

18. Sérstök aukaframlög

Sérstök aukaframlög greinast þannig:

	2015	2014
Hlutdeild launagreiðenda í greiddum lífeyri	191.319.163	176.327.866
Framlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði	1.172.897	1.405.006
	<u>192.492.060</u>	<u>177.732.872</u>

19. Lífeyrir

Lífeyrir greinist þannig:

	2015	2014
Ellilífeyrir	243.267.576	218.207.059
Örorkulífeyrir	21.333.849	21.164.480
Makalífeyrir	71.041.336	64.642.024
	<u>335.642.761</u>	<u>304.013.563</u>

20. Tekjur af eignarhlutum

Tekjur (gjöld) af eignarhlutum greinast þannig:

	2015	2014
Af erlendum hlutabréfum	677.056	(387.195)
Af innlendum hlutabréfum	42.003.670	635.223
	<u>42.680.726</u>	<u>248.028</u>

Skýringar

21. Vaxtatekjur og gengismunur

Vaxtatekjur og gengismunur greinast þannig:

	2015		2014	
	Innlend	Erlend	Innlend	Erlend
Af verðbréfum með breytilegar tekjur.....	106.313.718	15.739.314	23.707.410	48.094.583
Af verðbréfum með fastar tekjur.....	159.497.522	0	141.642.330	0
Af veðlánnum.....	3.767.707	0	3.933.995	0
Af bankainnistæðum.....	11.898.347	0	4.957.472	0
	<u>281.477.294</u>	<u>15.739.314</u>	<u>174.241.207</u>	<u>48.094.583</u>
Samtals.....		<u>297.216.608</u>		<u>222.335.790</u>

22. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	31.12.2015		31.12.2014	
	Innlend	Erlend	Innlend	Erlend
Skuldabréfasjóðir.....	90.884.161	0	396.073.197	0
Hlutabréf 1).....	143.374.234	6.036.837	82.368.387	1.426.766
Hlutabréfasjóðir.....	202.290.693	474.876.924	196.410.256	444.411.051
	<u>436.549.088</u>	<u>480.913.761</u>	<u>674.851.840</u>	<u>445.837.817</u>
Samtals.....		<u>917.462.849</u>		<u>1.120.689.657</u>

1) Eignarhlutdeild í einstökum hlutafélögum er undir 2% og bókfært verð undir 0,5% af útgefnu hlutafé þeirra.

23. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

	31.12.2015		31.12.2014	
	Innlend	Erlend	Innlend	Erlend
Skuldabréf með ríkisábyrgð.....	1.925.594.784	0	1.871.761.470	0
Skuldabréf sveitarfélaga.....	451.045.888	0	555.657.384	0
Skuldabréf lánastofnana.....	172.373.795	0	118.855.014	0
Skuldabréf fyrirtækja.....	270.323.740	0	225.706.874	0
Niðurfærsla.....	(60.630.739)	0	(61.531.804)	0
	<u>2.758.707.468</u>	<u>0</u>	<u>2.710.448.938</u>	<u>0</u>
Samtals.....		<u>2.758.707.468</u>		<u>2.710.448.938</u>
Áætlað markaðsverð.....	<u>3.020.654.088</u>	<u>0</u>	<u>2.850.207.148</u>	<u>0</u>

24. Niðurfærsla verðbréfa með föstum tekjum

Bókfært verð óskráðra skuldabréfa hefur verið fært niður varúðarniðurfærslu sem byggir á mati stjórnenda sjóðsins á því hvað viðkomandi skuldari getur greitt og verðmæti þeirra trygginga sem að baki liggja. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift, heldur er myndaður mótveikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni. Breyting á niðurfærslu á árinu greinist þannig:

	2015	2014
Niðurfærsla verðbréfa í ársbyrjun.....	61.531.804	61.659.289
Breyting á niðurfærslu á árinu.....	(901.066)	(127.485)
Staða í árslok.....	<u>60.630.738</u>	<u>61.531.804</u>
Niðurfærslan greinist þannig:		
Skuldabréf fyrirtækja.....	60.630.738	61.531.804
	<u>60.630.738</u>	<u>61.531.804</u>

Önnur verðbréf hafa ekki verið færð niður með varúðarniðurfærslu.

Skýringar

25. Veðlán

Veðlán greinast þannig:

	31.12.2015	31.12.2014
Veðlán	361.354.487	45.819.972
Varúðarniðurfærsla.....	(471.421)	0
	360.883.066	45.819.972

Breyting á varúðarniðurfærslu vegna veðlána greinist þannig:

Varúðarniðurfærsla veðlána í ársbyrjun.....	0	0
Endanlega afskrifað á árinu.....	(113.115)	0
Breyting á niðurfærslu á árinu.....	584.536	0
Staða í árslok.....	471.421	0

Öll veðlán eru til innlendra aðila og í íslenskum krónum.

26. Aðrar fjárfestingar

Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar á engar fullnustueignir þann 31.12.2015.

27. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Fjárfestingar greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

	Mynt	31.12.2015	31.12.2014
Íslenskar krónur.....	ISK	3.566.959.187	3.434.932.511
Bandaríkjadóllarar.....	USD	324.352.724	22.204.247
Evrur.....	EUR	120.220.618	422.211.023
Sterlingspund.....	GBP	47.076.014	0
Japönsk jen.....	JPY	12.029.494	0
Danskar krónur.....	DKK	6.036.837	1.450.528
		4.076.674.874	3.880.798.309

28. Kröfur

	31.12.2015	31.12.2014
Kröfur á launagreiðendur vegna ógreiddra iðgjalda.....	7.917.355	5.841.280
	7.917.355	5.841.280

Aðrar kröfur

	31.12.2015	31.12.2014
Fyrirfram greiddur lífeyrir.....	24.584.845	20.295.770
Kópavogsbær.....	38.287.351	11.600.209
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga.....	10.216.068	(5.101.524)
Tónlistarskóli Kópavogs.....	493.103	331.476
Aðrar kröfur.....	2.848.394	3.066.126
	76.429.761	30.192.057

29. Önnur fjárfestingargjöld

Þóknanir og kostnaður vegna fjárfestinga greinast þannig:

	2015	2014
Fjársýsluþóknun.....	1.328.072	1.124.301
Vörsluþóknun.....	645.024	821.086
	1.973.096	1.945.387

Kostnaður sem er innifalinn í gengismuni eða vaxtatekjum greinist þannig:

	2015	2014
Innlendir verðbréfasjóðir.....	2.920.893	6.917.602
Erlendir verðbréfsjóðir.....	4.135.930	3.046.318
	7.056.823	9.963.920

Þóknanir og kostnaður samtals

	9.029.919	11.909.307
Þóknanir sem hlutfall af eign í verðbréfasjóðum.....	0,8%	1,0%

Skýringar

30. Laun stjórnar, endurskoðunarnefndar og framkvæmdastjóra

Laun til stjórnar greinast þannig:

	2015	2014
Gunnlaugur Júlíusson, formaður stjórnar.....	1.197.232	1.058.448
Ragnar S. Magnússon.....	598.616	529.224
Kristinn Sverrisson.....	598.616	264.612
Ása Richardsdóttir.....	598.616	264.612
Helga Elínborg Jónsdóttir.....	598.616	529.224
Karl Einarsson.....	41.860	0
Guðríður Arnardóttir.....	0	264.612
Sverrir Óskarsson.....	0	264.612
Pétur H. Sigurðsson.....	0	20.000
	<u>3.633.556</u>	<u>3.195.344</u>

Framkvæmdastjóri sjóðsins er á launaskrá hjá Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga sem annast rekstur sjóðsins.

Laun til endurskoðunarnefndar greinast þannig:

	2015	2014
Ingólfur Arnarson, formaður endurskoðunarnefndar.....	262.500	210.000
Helga Elínborg Jónsdóttir.....	175.000	140.000
Gunnsteinn Sigurðsson.....	140.000	140.000
	<u>577.500</u>	<u>490.000</u>

31. Þóknun til endurskoðenda og tryggingastærðfræðings

Aðkeypt þjónusta greinist þannig:

Ytri endurskoðun

	2015	2014
Endurskoðun ársreiknings.....	2.048.977	2.214.013
Önnur þjónusta	774.091	0
	<u>2.823.068</u>	<u>2.214.013</u>

Innri endurskoðun

	2015	2014
Innri endurskoðun.....	1.550.416	859.445
	<u>1.550.416</u>	<u>859.445</u>

Tryggingastærðfræðingur

	2015	2014
Tryggingafræðileg athugun	1.426.624	1.176.687
Önnur þjónusta	350.554	160.889
	<u>1.777.178</u>	<u>1.337.576</u>

Skýringar

Tryggingafræðileg athugun

32. Tryggingafræðileg athugun

Samþykktir sjóðsins gera ekki ráð fyrir að iðgjöld til hans og ávöxtun þeirra dugi fyrir lífeyrisgreiðslum. Samkvæmt 23. grein samþykktu sjóðsins skulu því bæjarsjóður og aðrir launagreiðendur greiða tiltekinn hundraðshluta lífeyris samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar að fenginni umsögn sjóðstjórnar og tryggingastærðfræðings. Það hlutfall var 57% á árinu 2015 og stendur lífeyrissjóðurinn þannig undir 43% af greiddum lífeyri. Miðað við þetta hlutfall til framtíðar verða heildar eignir sjóðsins í jafnvægi við heildar skuldbindingar.

Kópavogsbær greiðir jafnframt allan rekstrarkostnað við sjóðinn og framlag til starfsendurhæfingarsjóðs sem á árinu 2014 nam 28,5 m.kr.

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar skuldbinding	Samtals 31.12.2015	Samtals 31.12.2014
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	4.176.693.256	0	4.176.693.256	3.917.093.874
Endurmat verðbréfa.....	65.079.581	0	65.079.581	53.234.819
Hluti launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum.....	0	6.652.338.992	6.652.338.992	6.033.999.881
Núvirði framtíðariðgjalda.....	0	433.714.269	433.714.269	430.926.810
<i>Eignir samtals</i>	<u>4.241.772.837</u>	<u>7.086.053.261</u>	<u>11.327.826.098</u>	<u>10.435.255.384</u>
Ellilífeyrir.....	8.623.845.034	985.766.603	9.609.611.637	8.639.568.490
Örorkulífeyrir.....	224.047.059	37.738.252	261.785.311	267.628.723
Makalífeyrir.....	1.339.136.929	64.003.307	1.403.140.236	1.678.089.854
Barnalífeyrir.....	613.651	0	613.651	677.638
<i>Skuldbindingar samtals</i>	<u>10.187.642.673</u>	<u>1.087.508.162</u>	<u>11.275.150.835</u>	<u>10.585.964.705</u>
(Skuldir) eignir umfram skuldbindingar.....	<u>(5.945.869.836)</u>	<u>5.998.545.099</u>	<u>52.675.263</u>	<u>(150.709.321)</u>
Í hlutfalli af skuldbindingum.....	<u>(58,4%)</u>	<u>551,6%</u>	<u>0,5%</u>	<u>(1,4%)</u>
Ef ekki er tekið til framlags launagreiðanda vegna lífeyrisgreiðslna verður staðan eftirfarandi:				
Skuldbindingar umfram eignir.....	<u>(5.945.869.836)</u>	<u>(653.793.893)</u>	<u>(6.599.663.729)</u>	<u>(6.184.709.202)</u>
Í hlutfalli af skuldbindingum.....	<u>(58,4%)</u>	<u>(60,1%)</u>	<u>(58,5%)</u>	<u>(58,4%)</u>

Kennitölur

	2015	2014	2013	2012	2011
Ávöxtun					
Nafnávöxtun	8,0%	5,4%	10,4%	11,3%	5,1%
Hrein raunávöxtun	5,9%	4,3%	6,5%	6,4%	(0,1%)
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	4,6%	4,1%	4,6%	(0,2%)	(1,5%)
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga					
Verðbréf með breytilegum tekjum, skráð	22,4%	27,5%	29,1%	35,8%	39,3%
Verðbréf með breytilegum tekjum, óskráð	0,1%	1,4%	0,5%	0,6%	0,7%
Verðbréf með föstum tekjum, skráð	66,7%	61,8%	62,3%	52,4%	47,1%
Verðbréf með föstum tekjum, óskráð	0,9%	8,0%	6,7%	7,4%	8,0%
Veðlán	8,9%	1,2%	1,4%	3,7%	4,9%
Bankainnistæður	1,0%	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>
Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga eftir gjaldmiðlum					
Eignir í íslenskum krónum	88,2%	88,5%	89,2%	81,7%	77,1%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	11,8%	11,5%	10,8%	18,3%	22,9%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>
Fjöldi					
Fjöldi sjóðfélaga (meðaltal virkra)	102	112	118	126	133
Fjöldi lífeyrisþega (meðaltal)	285	289	277	265	258
Hlutfallsleg skipting lífeyris					
Ellilífeyrir	72,5%	71,8%	71,3%	70,5%	71,5%
Örorkulífeyrir	6,4%	7,0%	4,0%	8,2%	8,9%
Makalífeyrir	21,2%	21,3%	24,7%	21,4%	19,6%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt					
Með framtíðar endurgreiðslu launagreiðenda á greiddum lífeyri:					
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar	0,5%	(1,4%)	1,1%	(0,8%)	(0,9%)
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar	(58,4%)	(58,0%)	(56,1%)	(57,1%)	(57,2%)
Án framtíðar endurgreiðslu launagreiðenda á greiddum lífeyri:					
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar	(58,5%)	(58,4%)	(56,9%)	(57,8%)	(57,9%)
Rekstur					
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af hreinni eign	0,4%	0,3%	0,4%	0,4%	0,5%
Lífeyrisbyrði (lífeyrir í hlutfalli af iðgjöldum)	132,0%	126,4%	125,5%	119,2%	120,3%